



**63. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 13. nóvember, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum. Einnig mætti Rolf Árnason á fundinn vegna 1. liðar.

**Dagskrá:**

1. Hnjúkabyggð 33 – lyftumál.
2. Erindi frá Erlendi Magnússyni v. Brimslóðar 8.
3. Bréf frá verkefnisstjórn átaks í sameiningarmálum sveitarfélaga.
4. Tillögur að samkomulagi um uppgjör eignarhluta Húnavallaskóla.
5. Skýrsla félagsmálaráðuneytisins um beitingu á heimild til að veita niðurfellingu/afslátt af fasteignaskatti ásamt leiðbeiningum til sveitarfélaga.
6. Drög að fjárhagsáætlun og greinargerð um rekstur Héraðsnefndar A-Hún ásamt erindi frá Heimilisiðnaðarsafninu vegna rekstrarstyrks fyrir árið 2004.
7. Fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar 2004.
8. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. **Hnjúkabyggð 33 – lyftumál.**  
*Rolf greindi frá tilboði Stíganda hf. í verkþætti vegna lyftu að Hnjúkabyggð 33 og lagði fram gögn þaraðlútandi. Tilboðið hljóðar alls uppá kr. 16.556.028,- Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra og byggingafultrúa að ganga til samninga við Stíganda hf. og hefja viðræður við Fasteignir ríkisins vegna málsins en eignarhluti þeirra er 2/3.*
2. **Erindi frá Erlendi Magnússyni v. Brimslóðar 8.**  
*Í erindi sínu rekur Erlendur hina ýmsu þætti er varða húseignirnar að Brimslóð 6 og 8, m.a. endurskoðun á fasteignagjöldum vegna þess að húsið var óbúðarhæft eftir bruna. Einnig óskar hann eftir endurskoðun á hitaveitugjöldum sökum lágs hitastigs. Jafnframt rekur hann það helsta sem lýtur að endurgerð hússins í erindi sínu. Tæknideild og bæjarstjóra er falið að ræða við Erlend nánar um þessa þætti og er erindinu því frestað*
3. **Bréf frá verkefnisstjórn átaks í sameiningarmálum sveitarfélaga.**  
*Lagt fram til kynningar.*
4. **Tillögur að samkomulagi um uppgjör eignarhluta Húnavallaskóla.**  
*Lögð fram drög að samkomulagi um kaup aðildarhreppa Byggðasamlags Húnavallaskóla að hlutum Blönduóssbæjar og Skagabyggðar í Húnavallaskóla og öðrum eignum honum tengdum, er áður voru*



eignarhlutar Engihlíðar- og Vindhælishrepps. Drögin eru unnin af Birni Magnússyni, fyrir hönd Húnavallaskóla, Valgarði Hilmarssyni, fyrir hönd Blönduóssbæjar og Rafni Sigurbjörnssyni fyrir hönd Skagabyggðar.

Samkomulagið hljóðar eftirfarandi:

Allar eignir Byggðasamlags Húnavallaskóla ásamt Reykjum og Steinholti eru að frádregnum skuldum verðlagðar á kr. 34.514.000,-

Hlutur Skagabyggðar verði 3,45% eða kr. 1.200.000,-

Hlutur Blönduóssbæjar verði 11,45% eða kr. 3.950.000,-

Byggðasamlag Húnavallaskóla greiði Blönduóssbæ og Skagabyggð út þeirra hlut með fjórum jöfnum greiðslum með gjalddaga 1. júní 2004-2007.

Bæjarráð samþykkir samkomulagið eins og það liggur fyrir.

**5. Skýrsla félagsmálaráðuneytisins um beitingu á heimild til að veita niðurfellingu/afslátt af fasteignaskatti ásamt leiðbeiningum til sveitarfélaga.**

Skýrslan er lögð fram til kynningar.

**6. Drög að fjárhagsáætlun og greinargerð um rekstur Héraðsnefndar A-Hún ásamt erindi frá Heimilisiðnaðarsafninu vegna rekstrarstyrks fyrir árið 2004.**

Gögn þessi eru lögð fram og verða til afgreiðslu á Héraðsnefndarfundi í desember nk.

**7. Fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar 2004.**

Vinnufundur: Farið var yfir þjónustugjöld sveitarfélagsins og rammaáætlanir deilda. Samþykkt að halda áfram með vinnu við fjárhagsáætlun á næsta fundi bæjarráðs.

**8. Önnur mál.**

**a. Atvinnumál.**

Erindi bókað í trúnaðarbók.

**b. Bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu vegna úthlutun**

**aflaheimilda**, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 596., 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum. Í bréfinu gerir ráðuneytið athugasemdir varðandi 2 atriði. Erindinu er vísað til næsta bæjarstjórnarfundar.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 20:40.**

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)